

Mánudagur, 25. apríl 2005

239. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/2005

Samruni Og fjarskipta hf. og Línu.nets hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi frá Dóru Sif Tynes f.h. Og fjarskipta hf., dags. 29. desember 2004, var tilkynnt um kaup Og fjarskipta á meirihluta hlutafjár í Línu.neti hf., dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur. Eftir kaupin munu Og fjarskipti eiga 76.76% hlut í Línu.neti.

Með bréfi dags. 26. janúar 2005 tilkynnti Samkeppnisstofnun samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Frekari skýringar og upplýsingar samrunaaðila hafa komið fram á nokkrum fundum þeirra með fulltrúum Samkeppnisstofnunar. Þá hafa fulltrúar Samkeppnisstofnunar átt viðtöl við ýmsa aðila á markaðnum, s.s. keppinauta samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum, viðskiptavinum o.fl.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 25. apríl 2005, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, og Ólafur Björnsson.

Það er mat samkeppnisráðs að samningur Og fjarskipta og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup Og fjarskipta á meirihluta hlutafjár í Línu.neti feli í sér samruna í skilningi 4. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Orkuveitu Reykjavíkur til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. apríl 2005, barst Samkeppnisstofnun yfirlýsing frá Orkuveitu Reykjavíkur um rekstur ljósleiðaranets fyrirtækisins. Í bréfinu segir m.a.

„Orkuveita Reykjavíkur hefur frá árinu 1999 unnið að uppbyggingu fjarskiptanets sem byggir á ljósleiðara/ IP tækni. Fyrirtækið hefur í dag yfir að ráða mjög öflugum grunnneti sem nær til flestra þjónustusvæða fyrirtækisins á Suður- og Suðvesturlandi.

Í árslok 2004 ákvað stjórn fyrirtækisins nýtt hlutverk fyrir fjarskiptaveitu fyrirtækisins sem “enablers” þar sem áhersla er lögð á að veita þjónustuaðilum sem best aðgengi að grunnneti og IP netum fyrirtækisins.

Til að fylgja þessari stefnu var gengið til samninga við Og Vodafone um sölu Línu.nets til fyrirtækisins. Orkuveita Reykjavíkur mun eftir sölu Línu.nets til Og Vodafone áfram selja aðgang að ljósleiðaranetum í eigu fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða aðgang að ljósleiðara með IP-tækni eða ljósleiðara án endabúnaðar. Aðgangur að netum í eigu Orkuveitu Reykjavíkur verður seldur á jafnræðisgrundvelli. Kaup Og Vodafone á Línu.neti munu því ekki útiloka aðgengi annara aðila að netinu með gerð heildsölusamninga við Orkuveitu Reykjavíkur.

Hvað varðar þjónustu við einstaklinga er nú unnið að uppbyggingu nýrrar kynslóðar af IP neti sem er skilgreint og byggt sem opið borgarnet (Equal Access Metropolitan Area Network). Þetta net mun tengja öll heimili á þjónustusvæði Orkuveitu Reykjavíkur við ljósleiðaranet. Orkuveita Reykjavíkur sér um uppbyggingu og rekstur þessa nets en þjónusta verður alfarið í höndum annarra þjónustuaðila, sem munu geta veitt þjónustu á netinu á jafnræðisgrundvelli. [...]

Með sölu Línu.nets til Og Vodafone hættir Orkuveita Reykjavíkur starfsemi á þjónustumarkaði og mun einbeita sér að rekstri grunnkerfa. Telur Orkuveitan að þessi aðgerð stuðli að auknu trausti milli aðila, lágmarks hættu á hagsmunaaárekstrum og muni gera þjónustuaðilum á fjarskipta- og afþreyingarmarkaði kleift að nýta grunnnet og grunnþjónustu Orkuveitu Reykjavíkur.“

Í ljósi yfirlýsingar Orkuveitu Reykjavíkur um áframhaldandi aðgang fjarskiptafyrirtækja að ljósleiðaranetum í eigu fyrirtækisins eftir sölu alls hlutafjár Línu.nets í eigu Orkuveitu Reykjavíkur til Og fjarskipta og þeirrar yfirlýsingar að aðgangur að ljósleiðurum muni vera á jafnræðisgrundvelli telur samkeppnisráð ekki ástæðu til að gera athugasemdir við samruna Og fjarskipta og Línu.nets.

III. Ákvörðunarorð

„Ekki er ástæða til íhlutunar í máli þessu.“